

# Samstarfsnefndir Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Félag geislafræðinga gera með sér svofelldan

## STOFNANASAMNING

um forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina samkvæmt kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. Ríkissjóðs.

### 1. Gildissvið.

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í Félagi geislafræðinga sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

### 2. Markmið.

Um markmið er vísað til greinar 11.2.1 ofangreinds kjarasamnings, auk þess að HSA sé eftirsóknarverður vinnustaður.

### 3. Röðun starfa.

Um röðun starfa er vísað til greinar 11.3.1 og 11.3.2 ofangreinds kjarasamnings.

#### 3.1 Starfslýsingar

Hverjum starfsmanni er raðað samkvæmt starfslýsingu. Í starfslýsingu kemur fram hvaða verkefni og skyldur viðkomandi starfsmaður gegnir. Auk þess kemur fram færni (kunnáttustig/sérhæfing) og starfsreynsla sem þarf til að geta innt starfið af hendi sbr. **Fylgiskjal I.**

#### 3.2 Persónu- og tímabundnir þættir

Meta skal persónu- og tímabundna þætti sbr. 11.3.2. sem þrep í launatöflu. Slíkt álag skal háð endurmati.

#### A. Námskeið / viðbótarnám.

- |                                               |                                      |
|-----------------------------------------------|--------------------------------------|
| ▪ Fyrir 60 stundir í námskeiðum               | 1 þrep.                              |
| ▪ Fyrir 120 stundir í námskeiðum              | 1 þrep.                              |
| ▪ Fyrir 240 stundir í námskeiðum              | 1 þrep. (Alls 3 þrep fyrir námskeið) |
| ▪ Fyrir 30 ECTS ein. sérnám                   | 1 launaflokkur                       |
| ▪ Fyrir 120. ECTS ein. sérnám eða masterspróf | 1 launaflokkur                       |
| ▪ Fyrir doktorspróf 180. ECTS ein.            | 1 launaflokkur                       |

Mest er hægt að fá 3 launaflokka og 3 þrep fyrir viðbótarmenntun.

Einungis skulu metin samfelld námskeið, eða námskeiðshlutar sem teljast 1/2 eining hið minnsta, 6 kennslustundir.

#### B. Starfsreynsla innan HSA

- Eftir 4 ár í starfi hjá HSA fæst 1 þrep.
- Eftir 12 ár í starfi hjá HSA fæst 1 þrep.
- Eftir 20 ár í starfi hjá HSA fæst 1 þrep.

### C. Verkefni

Greitt verði skv. grein 1.3.1. í miðlægum kjarasamningi í 3 mánuði fyrir tímabundin verkefni sem starfsmanni er falið að vinna fyrir HSA. (sjá fylgiskjal II bókun 2) Verkefnið sé skilgreint í upphafi.

### D. Hæfni, sérstakur árangur og/ eða frammistaða

- **1 til 2 þrep:** Heimilt er að greiða þetta álag fyrir sérstaka persónuþætti, s.s. að starfsmaður:
  - Hafi sértæka reynslu sem nýtist við störf hans hjá stofnuninni
  - Stundi fræðilegar athuganir á starfssviði stofnunar.

### 4. Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd skal annast endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. gr. 11.3. í kjarasamningi. Þar skal og samið um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986.

Samstarfsnefnd skal ennfremur fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

Að öðru leyti skal um starfshætti samstarfsnefndar fara samkvæmt ákvæðum greinar 11.4. í kjarasamningi.

### 5. Gildistaka og endurskoðun

Við gildistöku þessa samnings falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar, bókanir og aðrar viðbætur.

Gildistími stofnanasamnings er frá 1. mars 2013.

### Undirritun samnings

Egilsstöðum 11/6 / 2014

f.h. Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

*Sáva F. Sveinbjörnsd.*  
*Kristín Arnarsd.*

f.h. Félagi geislafræðinga

*Katrin Sigurdard.*  
*Kauley Sigurðardóttir 11.06.2014.*  
*HATuluni 11.06.2014.*  
*Hanna Lá Vilhelmsd. 11.06.2014*

# Fylgiskjal I.

## Starf flokkur A

**Launaflokkur 030** Nemandi á háskólastigi sem lokið hefur að minnsta kosti 3 árum í viðkomandi grein.

## Starf flokkur B

**Launaflokkur 060** Geislafræðingur 1. Starfsreynsla 0-2 ár í faginu. Hann vinnur sjálfstætt, er fær um að taka sjálfstæðar vaktir ef við á og skipuleggur störf annarra ef við á.

**Launaflokkur 080** Geislafræðingur 2. Starfsmaður er með 2ja ára starfsreynslu í faginu. Hann vinnur sjálfstætt og skipuleggur störf annarra ef við á. Starfsmaður er fær um að leiðbeina nýju starfsfólki og nemum.

**Launaflokkur 090** Geislafræðingur 3. Starfsmaður er með 6 ára starfsreynslu. Hann vinnur sjálfstætt, er fær um að taka sjálfstæðar vaktir ef við á og getur verið staðgengill yfirmanns á deild í fjarveru hans. Starfsmaður getur tekið þátt í stefnumótun á sínum vinnustað og er fær um að innleiða breytingar og nýjungar í starfi. Hann er fær um að leiðbeina nýju starfsfólki og nemum.

## Starf flokkur C

**Launaflokkur 100** Aðstoðardeildarstjóri myndgreiningardeildar. Hann vinnur sjálfstætt og er staðgengill yfirmanns á deild í fjarveru hans. Starfsmaður getur tekið þátt í stefnumótun á sínum vinnustað og er fær um að innleiða breytingar og nýjungar í starfi. Hann er fær um að leiðbeina nýju starfsfólki og nemum.

**Launaflokkur 110** Deildarstjóri myndgreiningardeildar. Stýrir deild með mannaforráð. Starfsmaður getur tekið þátt í stefnumótun á sínum vinnustað og er fær um að innleiða breytingar og nýjungar í starfi. Starfsmaður ber ábyrgð á daglegum rekstri deildarinnar og að halda henni innan rekstraráætlunar.  
Greiddir 10 fastir yfirvinnutímar m.v. 100% starf.

## Fylgiskjal II

### *Bókanir*

1. Hækkun vegna viðbótarnáms, starfsaldurs og prófa taki gildi mánuði eftir að gögnum er skilað inn til launadeildar HSA.
2. Grein 1.3.1 í miðlægum kjarasamningi: Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun skv. greinum 1.2.1 og 1.2.2 sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en 30.000 kr. á mánuði. Það hámark tekur ekki breytingum á samningstímanum. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem ekki falla undir grein 1.2.2 og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstöðumanni og byggjast á skriflegum reglum sem hann hefur kynnt starfsmönnum.